

Starfsfólk Kerhólsskóla ferðaðist til Ítalíu dagana 19.-24. apríl vegna námsferðar. Dvalið var við Lago di Como vatnið í bænum Menaggio.



Farið var í áhugaverðar skólaheimsóknir í tvær ólíkar menntastofnanir. Í bænum Como heimsóttum við Montessori skólann fyrir börn á aldrinum 1 til 10 ára. Móttökurnar voru alveg einstakar og vel undirbúnar og leiddu nemendur í 5. bekk fræðslugöngur um skólann sinn. Við fengum kynningu á stefnunni og skólastarfinu ásamt því að segja frá okkar skóla og taka þátt í kennslustundum. Við ferðuðumst einnig til Lugano í Sviss og skoðuðum TESIS skólann. Um er að ræða alþjóðlegan skóla fyrir börn frá leikskólaaldri fram til 18 ára. Skólagjöld eru há í TESIS eða um 15 millj. ÍSK á ári. Nemendur þar eru af 62 þjóðernum og búa á heimavist eftir 5. bekk. Skólasvæðið er glæsilegt og fróðlegt að fá að heyra um starfið. Helgina nýttum við í siglingar á Como vatninu, heimsóknir í nærliggjandi bæi og frábæra samveru. Ferðin var afar vel heppnuð og var okkur starfsmannahópnum mikils virði. Við viljum þakka sveitarfélaginu kærlega fyrir stuðninginn.

95. ársfundur Sambands sunnlenskra kvenna

29. apríl 2023 á Borg.

Tæplega 60 konur úr kvenfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslu héldu 95. ársfund sinn í Félagsheimilinu Borg 29. apríl. Í ár var komið að konum í Kvenfélagi Grímsneshrepps að hafa umsjón með fundi. Að venju hófst fundurinn í kirkju og að þessu sinni Búrfellskirkju. Lís Thomsen tók vel á móti okkur og séra Sigríður Munda Jónsdóttir flutti hugvekju. Þaðan var haldið að Borg þar sem félagskonur höfðu undirbúið móttöku og skreytt sal með efnivið úr nærumhverfinu, blómum frá Ártanga og efni frá Skógræktinni á Snæfoksstöðum. Fundarstörf stóðu yfir fram eftir degi: Erindi fluttu Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands um Uppbyggingarsjóð Suðurlands og Margrét Steinunn Guðjónsdóttir kynnti starfsemi Krabbameinsfélags Árnessýslu. Á fundinum lét Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK af störfum og við tók Sólveig Þórðardóttir. Að lokinni fundardagskrá var farið í heimsókn í Gróðrastöðina Ártanga. Góðum degi lauk svo með hátíðarkvöldverði í boði sveitarfélagsins þar sem Einar Bjarnason kokkur reiddi fram kræsingar, Anna Katrín Þórarinsdóttir og Hallbjörn Valgeir Rúnarsson fluttu tónlist og Bogga á Brú sá um veislustjórn og happdrætti. Félagskonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps þakka kærlega öllum þeim sem styrktu verkefnið eða lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd.

Ragna Björnsdóttir Formaður Kv. Grímsneshrepps

17. júní hátíðarhöld

17. júní hátíðarhöldin verða á Sólheimum í ár vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttahúsið. Dagskráin verður auglýst í Hvatarblaðinu í júní.

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

25. janúar	Grunnur að góðu breytingarskeiði, erindi á Flúðum
25. febrúar	Aðalfundur
29. apríl	Árshundur SSK, haldinn í félagsheimilinu Borg
Mái	Vorganga í yndisskógi á Borg
17. maí	Vorfundur
5. júní	Vorganga og fögnuður í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
Júní/Júlí/Ágú	Heldriborgaraferð
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
9.-11. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
12. ágúst	Grímsævintýri
14. septemb.	Hautfundur/ gróðursetning í yndisskógi á Borg
23. septemb.	Dagsferð að hausti
27. október	Grímuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

Hestamannafélagið Jökull /fréttir frá starfinu

Knapamerki 1

H e s t a mannafél agið Jökul l æt l ar að fara á s t að aftu r m eð Knapa m erki 1 (s t igaskipt nám í reiðm e nn sku) fyrir þá n em e ndu r s em hafa áhuga í 8 -10 bekk Reykholtsskól a, Kerhólsskól a og Bláskógar skól a Laugar væn i vorið 2 023 . Ke nn slus t aðu r er í reiðhö l l i nn i á Flúðum bæði fyrir bókl ega og v erkl ega ke nn slu. Ke nn sl a í Knapa m erki 1 og 2 er bú i n að v era í gangi síðan í haus t m eð góðu ge ngi. Hægt v erðu r að fá þe tt a nám m e t ið s em va l í Reykholtsskól a og Bláskógar skól a (haus t eða vor). Nám í Knapa m erkjum er í dag m e t ið i nn s em va l í Fjölbraut ar skól a Suðu rl ands og í Me nn t askól anum á Laugar væn i Ke nnarar námskeiðs er Maiju V aris og Od drún Ýr Sigu rðardótt ir

H e s t ar, reiðtygi og hjálmar eru á s t aðnum l nn ifa l ið er bóki n Knapa m erki 1 á m eðan námskeiði nu s t e ndu r

Bókl egir tímar eru 3 (2x40 mín skipt ið)

Verkl egir tímar eru 12 (2x40 mín skipt ið)

Nánari up plýs i ngar um Knapa m erki n fá fi nna i nná www.knapa_merki.is og hjá Oddrúnu í síma 849-8088 eða jokul l@hmfjokul l.is

Skrán i ng er á

Mánudagar:

https://www.sport_abl_er.com/.../Q2x1YINlcZpY2U6MTgwNTA=

Fimmtudagar:

https://www.sport_abl_er.com/.../Q2x1YINlcZpY2U6MTgwNTE=

S tjörn he s t a mannafél ags i n s Jökuls hefu r miki nn áhuga á að koma skipul agðri ke nn slu í he s t a m e nn sku s em va l grei n i nn í grunn skól ana. Þe tt a v erkefni gæt i auðv eldað n em e ndum aðge ngi að he s tum ef þau eiga ekki he s t a og þátttöku m eð það að markmiði að kynna þeim

Það sem hefur verið á döfinni í mars eru pollanámskeið fyrir yngstu kynslóðina, miðvikudagsnámskeið æskulýðsnefndar, vetrarmót mótanefndar, Uppsveitadeildin og ýmislegt fleira. Innheimta félagsgjalda byrjar í apríl.

Allar upplýsingar um starfið okkar má finna heimasíðu okkar www.hmfjokull.is og á fésbókarsíðu okkar Hestamannafélagið Jökull.



Félagsgjöld



Nú er komið að greiðslu árlegs félagsgjalds sem er nú 8500,-

Gjaldið verður innheimt í byrjun apríl.
Vinsamlegast athugið að félagsgjöld fyrir 70 ára og eldri eru valfrjáls.

Með góðri kveðju
Stjórn Jökuls

www.hmfjokull.is

jokull@hmfjokull.is

Vorfundur

Kvenfélags Grímsneshrepps
verður haldinn 17. maí
kl. 18 að Sveitasetrinu Brú.
Allar konur velkomnar.
Ath. Kvöldverðarhlaðborð 5000 kr.





Vinnuskóli 2023

Auglýst er eftir unglingum 13 – 16 ára (2010 - 2007) í vinnuskóla sveitarfélagsins frá 5. júní til og með 28. júlí 2023.

Hægt er að sækja um rafrænt á heimsíðu sveitarfélagsins gogg.is, undir þjónusta – vinnuskóli. Á sama stað má finna starfsreglur vinnuskólans.

Tekið verður á móti umsóknum til og með 15. maí 2023

Nánari upplýsingar fást gegnum netfangið gogg@gogg.is.




Girðingarvinna

Grímsnes– og Grafningshreppur auglýsir eftir aðila til að sjá um viðhald á veggirðingum meðfram stofnvegum í sveitarfélaginu. Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu til girðingarvinnu og hafa bíl og/eða dráttarvél til umráða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri. Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k. og óskast umsóknum skilað skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins eða með tölvupósti á netfangið

sveitarstjori@gogg.is

Gefins hjól, þarfnast lagfæringar.
Er fyrir utan skólann.





Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst


Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Saumakompan



TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Verzlunin Borg

SÍMI: 551 7509

OPNUNARTÍMI FRÁ 15. MAÍ 2023

MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA 09:00 – 19:00
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA 09:00 – 21:00
SUNNUDAGA 11:00 – 19:00







JP Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki

**Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115**




jtverkehlf@gmail.com



Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudagur 15:00 til 17:00

Þriðjudagur 15:00 til 17:00

Miðvikudagur 10:00 til 12:00

Kvöldopnun:

Fimmtudagur 4. maí frá 19:30 til 21:30

Fimmtudagur 25. maí frá 19:30 til 21:30

Fimmtudagur 1. júní frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2023

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útláns gagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.



Græna kannan – kaffihús Sólheimum



Opnunartími Grænu könnunnar og Völu í maí 2023

Virkir dagar 11:00 til 16:00

Helgar og helgidagar 11:00 til 17:00

Mötuneytið er opið alla virka daga

frá 11:30 til 13:30

Mötuneytið er opið almenningi



Í Grænu Könnunni má einnig finna Listmunaverslunina Völu sem selur fallega listmuni, kerti, tún vottaðar jurtavörur sem eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum og jurtum úr jurtagarði Sólheima, auk fullt af spennandi vörum sem íbúar Sólheima búa til.



Sveitarstjórn 544. fundur 05. apríl 2023
kl. 09:00–10:55 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri
- Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar Árnadóttur

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði
Iða Marsibil Jónsdóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 6. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 6. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 6. mars.

b) Fundargerð 7. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 27. mars 2023.

c) Fundargerð 257. fundar skipulagsnefndar UTU, 22. mars 2023.

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25 og 35 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 257. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 22. mars 2023.

Mál nr. 14. Villingavatn L170951; Byggingarmagn; Fyrirspurn - 2303035

Lögð er fram fyrirspurn frá Kjartani Sigurbjartssyni er varðar byggingarmagn á lóð Villingavatns L170951. Í fyrirspurninni felst beiðni um að heimilt verði að notast við nýtingarhlutfall 0,05 í takt við eldra aðalskipulag sveitarfélagsins þar sem mál sem tekur til stækkunar sumarhúss á lóðinni hafi hafist í gildistöku eldra aðalskipulags.

Að mati sveitarstjórnar er eðlilegt að miða við eldri skilmála aðalskipulags

Grímsnes- og Grafningshrepps við afgreiðslu málsins þar sem upphaf þess má rekja til ársins 2020 áður en núverandi aðalskipulag tók gildi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að heildarbyggingarmagn innan lóðarinnar verði allt að 145 fm á þeim grunni að gæta þurfi jafnræðis við ákvarðanir um byggingarmagn lóðarinnar og að hönnuður hafi við vinnslu hönnunargagna miðað við að nýtingarhlutfall innan lóðarinnar gæti verið allt að 0,05 m.v. heimildir þágildandi aðalskipulags.

Mál nr. 15. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Skilmálabreyting fyrir skógræktar- og landgræðsluvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2303036

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst ítarlegri skilgreining á heimildum er varðar skógrækt innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps með það að markmiði að veita betri yfirsýn og stjórn á skógræktarverkefnum innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar og niðurstaða sveitarstjórnar verði auglýst.

Mál nr. 16. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Skilmálabreyting fyrir landbúnaðarland; Íbúðarhúsalóðir; Aðalskipulagsbreyting - 2303037

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að veittar eru rýmri heimildir vegna stærða íbúðarhúsalóða innan landbúnaðarlands.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar og niðurstaða sveitarstjórnar verði auglýst.

Mál nr. 17. Úlfjótuvatn L170830; Frístundabyggð; Skilgreining lóða og byggingarreita; Heildarendurskoðun deiliskipulags - 2202007

Lögð er fram deiliskipulagstillaga sem tekur til frístundabyggðar við Úlfjótuvatn L170830 eftir auglýsingu. Í dag er í gildi deiliskipulagsuppdráttur, deiliskipulag frístundabyggðar við Úlfjótuvatn, dagsettur 16.6.1993. Í því skipulagi var gert ráð fyrir alls 26 húsum, 25 sumarhúsum og svo Úlfjótsskála sem áður var þjónustumiðstöð. Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og uppdráttir. Í nýrri skipulagstillögu eru 26 frístundahús og svo Úlfjótsskáli eða samtals 27 byggingar. Húsum fjölga því aðeins um eitt en heimilað byggingarmagn innan svæðisins eykst í takt við uppfærðar byggingarheimildir. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagstillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18. Efri-Brú; Brekkur 8 L225993 og Brekkur 9 L219238; Stækkun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting - 2212069

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Efri-Brúar sem tekur til lóðanna Brekkur 8 L225993 og Brekkur 9 L219238 eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að byggingarreitir beggja lóða eru skilgreindir í 10 metra fjarlægð frá innbyrðis lóðarmörkum á milli lóðanna. Lóðirnar eru í eigu sama aðila. Athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt samantekt byggingarfulltrúa og andsvörum málsaðila. Þeim athugasemdum sem bárust vegna málsins hefur verið svarað með fullnægjandi hætti innan framlagðra andsvara málsaðila og samantektar embættis UTU. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu og að hún verði samþykkt eftir auglýsingu og taki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda og að Skipulagsstofnun verði send gögn málsins til varðveislu samhljóða. Þeim sem athugasemdir gerðu til tillöguna verði gerð grein fyrir niðurstöðu sveitarstjórnar.

Mál nr. 19. Brjánsstaðir land 1 L200776; Smámýrarvegur og Heiðarbraut; Nýtt deiliskipulag og deiliskipulagsbreyting - 2301047

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis að Smámýrarvegi í landi Brjánsstaða L200776. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til Smámýrarveggar og Heiðarbrautar. Með samþykkt þessa deiliskipulags er gert ráð fyrir að afmörkun sem nær yfir Smámýrarveg verði felld út úr núgildandi deiliskipulagi svæðisins. Deiliskipulagstillagan nær yfir um 18 ha lands. Á svæðinu er gert ráð fyrir 25 lóðum að stærðinni 4.530 fm - 14.490 fm og eru þrjár lóðir innan svæðisins þegar byggðar. Auk frístundahúss verði heimilt að hafa aukahús/gestahús og hverri lóð og teljast þær byggingar með í heildarbyggingarmagni lóðar. Hámarksnýtingarhlutfall lóða er 0,03. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið samhljóða og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Óveruleg breyting á deiliskipulagi Smámýrarveggar og Heiðarbrautar þar sem Smámýrarvegur er felldur út úr gildandi deiliskipulagi fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Framlagt deiliskipulag og breyting á núgildandi deiliskipulagi verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar.

Mál nr. 20. Borgarleynir 7 L198615; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2303015

Lögð er fram beiðni um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Borgarleynis 7. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits innan lóðar. Fyrir liggur samþykki aðliggjandi lóðarhafa vegna breytingarinnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir liggur skriflegt samþykki eiganda aðliggjandi lóðar er ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna málsins. Breytingin taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Mál nr. 21. Minni-Borg golfvöllur ÍP5 og Landbúnaðarsvæði L3; Breytt landnotkun, nýtt íþróttasvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Borg; Aðalskipulagsbreyting – 2303019

Lögð er fram skipulagslýsing vegna breyttrar landnotkunar innan aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sunnan þjóðveggar við Borg. Fyrirhugað er að gera ráð fyrir níu holu golfvelli, ásamt golfskála, veitingasölu og aðstöðu til gistingar. Breyta þarf aðalskipulagi á þann hátt að svæði fyrir verslun og þjónustu verður skilgreint þar sem nú er íþróttasvæði ÍP5. Aðliggjandi svæði er skilgreint sem landbúnaðarland L3 þar sem fyrirhugað er að byggja upp íbúðarlóðir. Syðst á því svæði er fyrirhugað að rísi hesthús ásamt reiðskemmu. Breyta þarf aðalskipulagi á þann hátt að nýtt íþróttasvæði fyrir hestaíþróttir verður skilgreint á því svæði. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 22. Bjarnastaðir frístundabyggð F76; Færsla landnotkunarreits; Aðalskipulagsbreyting - 2303026

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að staðsetning skilgreinds frístundasvæðis F76 er færð til fyrra horfs líkt og svæðið var skilgreint í aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008-2020. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Málið verði sent Skipulagsstofnun til samþykktar og niðurstaða sveitarstjórnar kynnt.

Mál nr. 23. Kringla 2; Árvégur 1-12; Hnitsetning og uppfærsla skilmála; Endurskoðun deiliskipulags - 2303027

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Árvegar 1-12 í landi Kringlu 2. Í tillögunni felst m.a. að á lóðunum sem eru landbúnaðarlóðir er heimilt að reisa íbúðarhús og aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/ eða geymslu/skemmu. Við gildistöku viðkomandi deiliskipulags fellur eldra skipulag úr gildi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 24. Svínavatn 3 L232042; Framkvæmd á vatnsverndarsvæði; Fyrirspurn - 2303034

Lögð er fram fyrirspurn sem tekur til vinnslu deiliskipulags á lóð Svínavatns 3 L232042. Lóðin er að hluta til innan vatnsverndarsvæðis. Fyrirspurnin er þrjúþætt : 1) hvort heimilt sé að byggja skv. teikningunni, 2) hvort heimilt væri að byggja austan vatnaskilalínu 3) hvort ólíklegt sé að hægt verði að stofna 1 ha lóð innan spildunnar.

Samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags er gert ráð fyrir að engar framkvæmdir eða starfsemi sem ógnað geta brunnsvæðum séu leyfðar í nágrenni þeirra. Að mati sveitarstjórnar er ekki talið æskilegt að gert sé ráð fyrir byggingum innan svæðis sem skilgreint er sem grannsvæði vatnsverndar enda geti töluverð hætta skapast gagnvart hugsanlegri mengun t.d. vegna fráveitumannvirkjum innan lóðarinnar eins og hún er skilgreind innan fyrirspurnar. Sveitarstjórn tekur þó fram að afmörkun vatnsverndarsvæða er í flestum tilfellum ónákvæm og að grunnvatnsstraumar hafa ekki verið rannsakaðir til hlítar þar sem grannsvæði eru skilgreind. Ætti að koma til framkvæmda á viðkomandi svæði er það mat sveitarstjórnar að nauðsynlegt væri að fyrir lægi mat viðeigandi aðila á því hvort að grannsvæði vatnsbólsins sé skilgreint með réttum hætti á aðalskipulagi. Að mati sveitarstjórnar er ekki forsvaranlegt að veita heimild fyrir uppbyggingu innan grannsvæðis vatnsbóls nema viðeigandi áhættumat vegna hugsanlegrar mengunar á grunnvatnsstraumum sé lagt fram, kortlagning á grunnvatnsstraumum sem rökstyðja að viðkomandi uppbygging sé ekki líkleg til að hafa áhrif á vatnsbólið og/eða að sýnt sé fram á viðeigandi mótvægisáðgerðir eða takmarkanir á starfsemi innan lóðarinnar sem unnt væri að gera grein fyrir innan deiliskipulags fyrir lóðina. Án frekari rökstuðnings gerir sveitarstjórn athugasemdir við alla uppbyggingu eða framkvæmdir innan grannsvæðis vatnsbóls VB8.

Mál nr. 25. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnesi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting - 2303045

Lögð er fram skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæðis M1.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða skipulagslýsinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 35. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-181 – 2302002F

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-181 lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 4. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 16. desember 2022.

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu sem haldinn var 16. desember 2022.

e) Fundargerð 5. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 14. febrúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 5. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu sem haldinn var 14. febrúar 2023.

f) Fundargerð 6. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 14. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu sem haldinn var 14. mars 2023.

g) Fundargerð 7. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga kjörtímabilið 2022-2026, 3. janúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesþings kjörtímabilið 2022-2026 sem haldinn var 3. janúar 2023.

h) Fundargerð 8. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga og stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga, 16. janúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 8. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesþings og stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga sem haldinn var 16. janúar 2023..

i) Fundargerð 4. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 27. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga sem haldinn var 27. mars 2023.

j) Fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 30. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem haldinn var 30. mars 2023.

k) Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga, 21. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnarfundar Héraðsskjalasafns Árnesinga sem haldinn var 21. mars 2023.

l) Fundargerð 592. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 3. febrúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 592. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 3. febrúar 2023.

m) Fundargerð 593. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 3. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 593. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 3. mars 2023.

n) Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 17. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 17. mars 2023.

2. Svar Sólheima vegna mögulegs samstarfs Grímsnes- og Grafningsshrepps og Sólheima um vatnsöflun.

Fyrir liggur svarbréf frá Kristínu B. Albertsdóttur, framkvæmdastjóra Sólheima ses., dagsett 31. mars 2023 við erindi sveitarfélagsins um mögulegan samstarfssamning vegna vatnsöflunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt formanni framkvæmda- og veitunefndar og umsjónarmanni framkvæmda og veitna að vinna málið áfram.

3. Hringtorg við Borg í Grímsnesi.

Borg í Grímsnesi er ört stækkandi byggðarkjarni við Biskupstungnabraut og í dag búa þar um 150 manns og fyrirséð að íbúafjöldi tvöfaldist á næstu tveimur árum.

Fyrir liggur að öllum lausum lóðum hefur verið úthlutað á Borg og verið er að vinna deiliskipulag vegna stækkunar á byggðinni.

Til að bregðast við fjölgun og auka þjónustumöguleika sveitarfélagsins hafa tvö svæði verið skipulögð, annarsvegar miðsvæði við Biskupstungnabraut og Vesturbyggð norðan við miðsvæðið.

Á miðsvæðinu er gert ráð fyrir hótélbyggingu, blöndu af íbúðum og atvinnuhúsnæði og einnig bensínsölu og hraðhleðslu á lóð nr. 1.

Í Vesturbyggð er í fyrsta áfanga gert ráð fyrir um 60 íbúðum í blandaðri byggð.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps vill í ljósi ofangreinds óska formlega eftir að Vegagerðin byggji hringtorg við veg að Skagamýri með tengingu við nýja íbúabyggð þannig að hægt sé að tryggja gott flæði umferðar og umferðaröryggi íbúa og gesta á svæðinu. Sveitarstjóra falið að senda bókun sveitarstjórnar á Vegagerðina og hefja formlegt samtal.

4. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 147/2022 Heiðarbrún.

Fyrir liggur úrskurður í máli nr. 147/2022, kæra á stjórnsýslulegri meðferð Grímsnes- og Grafningsshrepps við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna lóðanna Heiðarbrúnar 2-10 og Tjarnholtsmýri 1-15 á jörðinni Bjarnastöðum 1. Samkvæmt 52. grein skipulagslaga verða ákvarðanir sem ber undir Skipulagsstofnun og ráðherra til staðfestingar ekki bornar undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, í 3. mgr. 29. gr sömu laga kemur fram að aðalskipulag sé háð samþykki sveitarstjórnar og staðfestingu Skipulagsstofnunar og ráðherra í þeim tilvikum sem hann skal staðfesta aðalskipulag. Kærumálinu var því vísað frá úrskurðarnefndinni. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

5. Bréf frá Innviðaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Hvatning vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Lagt fram til kynningar bréf frá Innviðaráðuneytinu, dagsett 15. mars 2023, þar sem ráðuneytið hvetur sveitarfélög til þess að kynna sér tillögur verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum.

Lagt fram til kynningar bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 15. mars 2023, þar sem vakin er athygli á samnorrænni könnun um heimsmarkmiða- og sjálfbærnivinnu sveitarfélaga.

7. Erindi frá Íslenska bænum.

Lagt fram til kynningar bréf frá Hannesi Lárussyni og Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur, dagsett 15. febrúar 2023.

8. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 72/2023, „Drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók)“.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps fagnar markmiðum ríkisins um að gera sveitarfélögin í landinu betur í stakk búin til að sinna lögbundnum skyldum sínum, takast á við aukna ábyrgð og áskoranir til framtíðar með stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga.

Í hvítbókinni í málefnum sveitarfélaganna er talsvert fjallað um sameiningar og vill sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps líkt og áður hvetja innviðaráðuneytið og aðra sem koma að málefnum sveitarfélaganna að virða sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga sem og lýðræðislegan rétt íbúa til að ákveða sjálfir hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið góður valkostur, en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra með lýðræðislegum kosningum. Sveitarstjórn telur það jákvætt að skilgreina eigi lágmarks þjónustu sveitarfélaga. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir það að fyrir liggi frekari skilgreining á hugtakinu búsetufrelsi til að auðvelda raunhæfa nálgun þess. Sveitarstjórn telur að í vinnu við skoðun á því hvort ástæða sé til breytinga á lögum um lögheimili og aðsetur þurfi að hafa í huga að skipulagsvald sveitarfélaga er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar þeirra og er það aðalskipulag sveitarfélaganna sem ræður því hvar heimilt er að skrá lögheimili samkvæmt gildandi lögum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps leggur áfram ríka áherslu á að þegar skoðaðar verða hugmyndir um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að eyða gráum svæðum þurfi að hafa viðtækt samráð og vanda betur til verka heldur en hefur hingað til verið gert við yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sbr. yfirfærsluna á málefnum fatlaðs fólks.

9. Beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald), 80. mál.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:30.



Sveitarstjórn 545. fundur 19. apríl 2023
kl. 09:00–11:08 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar UTU, 12. apríl 2023.

Mál nr. 11, 12, 13, 14, 15, 16 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 12. apríl 2023.

Mál nr. 11; Villingavatn (L170971); byggingarheimild; gestahús - 2302022

Fyrir liggur umsókn Ásgerðar Þ. Bergset Ásgeirsdóttur, Bjargar Óskarsdóttur og Óskars Arnar Ásgeirssonar, móttokin 13.02.2023, um byggingarheimild fyrir 53 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Villingavatn L170971 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samanlögð stærð núverandi frístundahúss og umsótt aukahúss á lóð fer umfram hámarksbyggingarmagn lóðar m.t.t. stefnumörkunar aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 þar sem segir að á lóðum sem eru minni en 1/3 ha geti heimilt byggingarmagn verið allt að 100 fm. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja umsókninni.

Mál nr. 12; Vaðnes; Frístundabyggð; 4. áfangi; Deiliskipulag - 2204055

Lögð er fram tillaga deiliskipulags er varðar stækkun frístundabyggðar í landi Vaðness eftir auglýsingu. Í tillögunni felst að gert er nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 65 sumarmálsalóðum á 54 hektara svæði. Athugasemdir og umsagnir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt andsvörum umsækjanda.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við málsaðila vegna athugasemda sem bárust vegna málsins.

Mál nr. 13; Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalóðir við Miðtún; Deiliskipulag. - 2210039

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til miðsvæðis (M1) innan þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi eftir auglýsingu. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 14; Stangarlækur 2 L208879; Stangarlækur 2B; Færsla á byggingarreit og ný lóð; Deiliskipulagsbreyting - 2303051

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til deiliskipulags að Stangarlæk 2 L208879. Í breytingunni felst að byggingareitur við íbúðarhús er stækkaður og færður u.þ.b. 7 m til norð-vesturs. Skilmálar vegna byggingarheimilda á byggingareit fyrir íbúðarhús breytast. Skilgreind er ný lóð norðan við íbúðarhús sem ber heitið Stangarlækur 2B.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt eiganda aðliggjandi lands.

Mál nr. 15; Hamrar 3 L224192; Fyrirspurn - 2304005

Lögð er fram fyrirspurn frá Þorsteini Garðarssyni fh. Gyðuborga ehf sem tekur til breyttrar skráningar veiðihúsa í landi Hamra 3 L224192. Óskað er eftir því að skráning húsa breytist úr veiðihúsi í skála. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við breytta skráningu húsa á grundvelli þeirra gagna sem fylgja með erindinu.

Mál nr. 16; Bildsfell III L170818; Breyttar lóðastærðir; Fremriklettur og Fremriklettshagi; Deiliskipulagsbreyting – 2304012

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Bildsfells III L170818. Í breytingunni felst hliðrun á stærð lóða innan deiliskipulagsins þar sem lóðin Fremriklettshagi minnkar og lóðin Fremriklettur stækkar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. Mgr. 43. Gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir liggur samþykki nágretta og engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Ása Valdís Árnadóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-182 – 2303004F

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-182 lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 100. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, 4. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 100. fundar stjórnar byggðasamlags UTU sem haldinn var 4. apríl 2023.

c) Fundargerð 52. fundar stjórnar Bergrisans bs., 17. febrúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 52. fundar stjórnar Bergrisans bs. sem haldinn var 17. febrúar 2023.

d) Fundargerð 53. fundar stjórnar Bergrisans bs., 17. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 53. fundar stjórnar Bergrisans bs. sem haldinn var 17. mars 2023.

e) Fundargerð 54. fundar stjórnar Bergrisans bs., 3. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 54. fundar stjórnar Bergrisans bs. sem haldinn var 3. apríl 2023.

f) Fundargerð 4. fundar stjórnar Arnardrangs hses., 17. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar stjórnar Arnardrangs hses, sem haldinn var 17. apríl 2023.

g) Fundargerð 7. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu, 11. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar stjórnar Brunavarna Árnæssýslu sem haldinn var 11. apríl 2023.

h) Fundargerð 204. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga, 29. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 204. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga sem haldinn var 29. mars 2023.

i) Fundargerð stjórnar 24. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis, 28. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 24. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis sem haldinn var 28. mars 2023

j) Fundargerð aukafundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis, 28. mars 2023.

Lögð fram fundargerð aukafundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis

sem haldinn var 28. mars 2023 ásamt minnisblaði um kostnað vegna verkefnisins. Taka þarf afstöðu til tillögu svæðisskipulagsnefndar og verkefnisstjórnar, annars vegar um hvort að vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið verði lokið og hins vegar um skiptingu viðbótarkostnaðar sveitarfélaganna. Samkvæmt minnisblaðinu verður kostnaður Grímsnes- og Grafningshrepps samtals 906.977.- krónur sem greiðist eftirfarandi; 604.651.- kr. árið 2023 og 302.326.- kr. árið 2024. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðbótarkostnaðinn og að vinna við gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið verði kláruð. Utgjaldaukningin rúmast innan fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

k) Fundargerð 594. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 24. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 594. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 24. mars 2023.

l) Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 30. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. mars 2023.

2. Staðfangið Reykjanesvegur.

Síðustu ár hefur Þjóðskrá Íslands unnið ötullega að því að samræma húsaskrá og fasteignaskrá og hefur m.a. verið unnið að slíkri samræmingu í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í þeirri vinnu var einnig unnið að samræmdri skráningu staðfanga en staðfang lýsir landfræðilegri staðsetningu aðkomu að mannvirki, landeign eða annars áfangastaðar. Staðfang hefur bæði að geyma kerfisbundna lýsingu í orðum (t.d. miðað við gatnakerfi) sem og landfræðilegt hnit. Samkvæmt reglugerð um skráningu staðfanga nr. 577/2017 annast sveitarfélög nafngiftir, hafa umsjón með og bera ábyrgð á skráningu staðfanga innan staðarmarka sveitarfélaga.

Í Grímsnes- og Grafningshreppi er jörðin Reykjanes en henni hefur m.a. verið skipt upp í nokkrar lóðir og bera flestar þeirra heitið Reykjanes lóð og svo númer en slík heiti eru að mati sveitarstjórnar ekki nógu lýsandi og samræmast ekki reglugerð nr. 577/2017 um skráningu staðfanga. Þar sem lóðirnar liggja við svokallaðan Reykjanesveg og mynda einskonar hverfi þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að lóðir sem kenndar eru við Reykjanes sem áður höfðu nafnið Reykjanes lóð fái staðfangið Reykjanesvegur og númerin 2-14 miðað við þau númer sem lóðirnar hafa í dag.

Það er mat sveitarstjórnar að örnefnið Reykjanesvegur vísi í upprunaland og sé því fullgilt örnefni. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að Reykjanes L169598 (íþróttamiðstöðin) fái heitið Reykjanesvegur 15.

Við þetta verður eingöngu eitt staðfang sem ber nafnið Reykjanes og það er upprunaland áðurnefndra lóða með landeignanúmer 168274. Sveitarstjórn felur Vigfúsi Þór Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

3. Erindi frá Jörundi Gaukssyni.

Fyrir liggur erindi og drög að yfirlýsingu frá Jörundi Gaukssyni fyrir hönd Gjögurtáar ehf., dagsett 15. apríl 2023 þar sem gerð er tillaga að vegtengingu við jörðina Lyngdal um jarðirnar Björk I og Björk II. Í erindinu er tekið fram að yfirlýsingin er gerð í samráði við eigendur jarðarinnar Bjarkar II. Jafnframt er tekið fram að eigandi jarðarinnar Lyngdals mun bera allan kostnað vegna framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið sem eigandi jarðarinnar Bjarkar I og samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram.

4. Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2023.

Fyrir liggur fundarboð á aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður þann 21. apríl í fjarfundarbúnaði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Björn Kristinn Pálmarsson sem sinn fulltrúa með atkvæðisrétt og Ásu Valdís Árnadóttur til vara.

5. Boð á Aðalfund Rangárbakka, þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf.

Lagt fram til kynningar.

6. Úrskurður innviðaráðuneytisins í máli IRN22010914.

Fyrir liggur úrskurður innviðaráðuneytisins í máli IRN22010914. Á fundinn kom í fjarfundarbúnaði lögmaður sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson.

Vegna úrskurðarins tekur sveitarstjórn fyrir beiðni Ásdísar Drafnar Einarsdóttur um afslátt af fasteignaskatti árið 2021 af fasteign hennar að Kallholti 9, Öndverðarnesi. Fyrir liggur að umrædd fasteign er sumarhús og staðsett í skilgreindri fristundabyggð samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum.

Samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins er veittur afsláttur af „fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign.“ Sveitarfélagið hafði áður synjað beiðni Ásdísar með vísan til þess að hún ætti ekki lögheimili í umræddri fasteign sem væri heldur ekki skráð sem íbúðarhús og þar af leiðandi væru skilyrði fyrir veitingu afsláttar ekki fyrir hendi. Ásdís var tilkynnt um þessa niðurstöðu með tölvupósti 20. september 2021. Hún kærði synjunina til innviðaráðuneytisins, sem kvað upp fyrirnefndan úrskurð 9. janúar sl. Niðurstaða ráðuneytisins var sú að synjun sveitarfélagsins hafi verið ólöglegt og virðist byggja á því að viðkomandi hafi lögheimili í sveitarfélaginu, þó að það sé ekki skráð í sumarhúsinu. Í forsendum úrskurðarins segir að eftir standi engu að síður að sveitarfélaginu beri að meta hvort Ásdís eigi rétt á lækkun fasteignaskatts, að öðrum skilyrðum uppfylltum. Að því sögðu er beiðni hennar nú tekin fyrir öðru sinni.

Ásdís Dröfn uppfyllir aldursviðmiðið en þar sem umrædd fasteign er ekki skráð sem íbúðarhús eru skilyrði fyrir veitingu afsláttar ekki uppfyllt, óháð því hvort hún eigi lögheimili í sveitarfélaginu eða ekki.

Sveitarstjórn synjar samhljóða beiðni Ásdísar Drafnar Einarsdóttur um afslátt af fasteignaskatti árið 2021 af fasteign hennar að Kallholti 9,

Öndverðarnesi.

Til viðbótar er eftirfarandi bókað:

Sveitarstjórn hefur aflað lögfræðilits frá LEX lögmannsstofu vegna umrædds úrskurðar innviðaráðuneytisins. Þar kemur fram sú afstaða að forsendur og niðurstaða úrskurðarins standist ekki skoðun. Óheimilt er að skrá lögheimili í fristundabyggð og þar af leiðandi sé málefnalegt af sveitarfélaginu að takmarka afslátt fasteignaskatta við lögheimili. Þar að auki uppfyllir umrædd fasteign ekki skilyrði laga um að vera íbúðarhús. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda ráðuneytinu erindi þar sem greint er frá hinni nýju afgreiðslu málsins og jafnframt verða gerðar athugasemdir við forsendur og niðurstöður í úrskurðinum frá 9. janúar sl.

7. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 81/2023, „Drög að útfærslu á tillögum um úrbætur á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu“.

Lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 11:08.



GÖNGUM SAMAN 60+

Snæfoksstöðum
Þriðjudaginn 9. maí klukkan 13:00

Hittumst á bílastæðinu áður en komið er að skógræktinni.

Sirry Odds ætlar að leiða gönguna að þessu sinni.

Gangan endar í kaffi og kynningu hjá skógræktinni.

Öll velkomin í léttu hreyfingu og góðan félagsskap.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Græningshreppur
veittan fyrir alla

Vorhátíð Búsetufrelsis

(fyrir þá sem hafa fasta búsetu í sumar/heilsárshúsum í GÖGG)

25. maí frá kl 17 til 20
Í þjónustumiðstöðinni Hraunborgum

Hægt að kaupa mat af matseðli
(Kjúklingavængi, pizzur, nagga, laukhringi,
franskar, grillaðar samlokur, ís og krap.)

BARinn verður GALoppinn

Spilum BINGÓ saman

Mætum öll og kynnumst betur



**Íþróttamiðstöðin
Borg**


Opnununartími í maí

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-21:30

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is